



Skóla og frístundaráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. október 2025
SFS25090095

Umsögn um tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um öryggisúttekt á girðingum við leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, dags. 8.09.2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 15. liður fundargerðar skóla- og frístundaráðs, dags. 8.09.2025.

Lagt er til að gerð verði öryggisúttekt á girðingum á útisvæði leikskóla borgarinnar í ljósi þess að upp hafa komið nýleg atvik þar sem leikskólabörn hafa komist auðveldlega yfir girðinguna. Mikilvægt er að tryggja öryggi barna og að farið verði tafarlaust í úrbætur þar sem þess er þörf.

Tillögunni var vísað til umsagnar hjá skrifstofu framkvæmda, viðhalds og eignaumsjónar á umhverfis- og skipulagssviði með bréfi skrifstofu skóla- og frístundasviðs, dags. 12. 09.2025.

Umsögn:

Við tökum tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins með skilningi á mikilvægi öryggis barna á leiksvæðum leikskóla.

Umhverfis- og skipulagssvið leggur mikla áherslu á að tryggja öryggi leikskólabarna og telur að það sé brýnt að bregðast tafarlaust við öllum atvikum sem kunna að ógna öryggi þeirra.

Það skal jafnframt tekið fram að árlegar öryggisúttektir eru þegar framkvæmdar af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og aðalskoðun útivistarsvæða og leikvallatækja er í höndum löggiltra úttektaraðila sem sjá um faglegar úttektir fyrir lóðir skóla og leikskóla. Talið er að þessar úttektir og skoðanir séu nægilegar til að tryggja öryggi leiksvæða og girðinga.

Jafnframt er lögð mikil áhersla á innra eftirlit, sem er skylda rekstraraðila hvers leikskóla. Í því felst að leiksvæðin séu undir daglegu eftirliti með reglubundnum yfirlitsskoðunum til að tryggja að leiksvæðin og girðingar séu örugg á hverjum degi.

Ekki er talin frekari þörf á sérstökum úttektum á girðingum leikskóla, heldur að áfram verði að brugðist við tilfallandi viðhaldi og úrbótum í kjölfar núverandi eftirlits og úttektarferla.



Reykjavík



Allar úrbætur skulu fara fram í samræmi við reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, sem og handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.

Umhverfis- og skipulagssvið tekur þátt í samstarfi um viðhald og úrbætur eftir þörfum.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðni Guðmundsson
Skrifstofustjóri framkvæmda, viðhalds og eignaumsjónar
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík